BYGGINGARLÝSING

HÚSIÐ ER TENGIVIRKISHÚS Í EIGU LANDSNETS HF., SEM TENGIR BÚÐARHÁLSVIRKJUN OG BÚÐARHÁLSLÍNU. HÚSIÐ VERÐUR EKKI MANNAÐ AÐ STAÐALDRI.

HÚSIÐ SKIPTIST Í TVO MEGINHLUTA, ROFASAL, SEM ER ÓEINANGRAÐ STÁLGRINDARHÚS OG STOÐKERFAHÚS, SEM ER EINANGRAÐ STEYPT HÚS.

ROFASALUR:

BURÐARVIRKI
UNDIRSTÖÐUR OG BOTNPLATA ER STAÐSTEYPT. AÐALBURÐARVIRKI ER RAMMAR ÚR MÁLUÐU STÁLI. BURÐARKERFI UNDIR KLÆÐNINGU ER ÚR SINKHÚÐUÐUM STÁLPRÓFÍLUM.

FRÁGANGUR ÚTI
VEGGIR ERU MEÐ BÁRUÁLI OG SLÉTTUM ÁLKLÆÐNINGUM. ÞAK ER MEÐ BÁRUÁLI.

FRÁGANGUR INNI
GÓLF ERU RYKBUNDIN MEÐ AKRÝLGRUNNI.

STOÐKERFAHÚS:

BURÐARVIRKI
UNDIRSTÖÐUR, BOTNPLATA, ÚTVEGGIR OG ÞAKPLATA ER STAÐSTEYPT.

EINANGRUN
GERÐAR ERU MINNI KRÖFUR TIL EINANGRUNAR ÞAR SEM HÚSIÐ ER ÓMANNAÐ OG NOKKUR HITAMYNDUN FRÁ BÚNAÐI.
EINANGRUN UNDIR BOTNPLÖTU ER 50 MM PLASTEINANGRUN. ÚTVEGGIR ERU EINANGRAÐIR AÐ INNAN MEÐ 100 MM PLASTEINANGRUN. ÞAK ER EINANGRAÐ MEÐ 200 MM PLASTEINANGRUN.

FRÁGANGUR ÚTI
VEGGIR ERU ÓMÁLUÐ SJÓNSTEYPA, SÍLANHÚÐUÐ. INNFELLING Á VEGG ER KLÆDD LITUÐU ÁLI. ÚTIHURÐIR ERU ÚR ÁLI. ÞAK ER "VIÐSNÚIÐ", MEÐ ASFALTPAPPA NEÐST, ÞÁ PLASTEINANGRUN, SANDI OG HELLUM.

FRÁGANGUR INNI
GÓLF ERU ÝMIST MEÐ VINYLDÚK, MÁLUÐ EÐA RYKBUNDIN. Í STJÓRNRÝMI ER KERFISGÓLF ÚR STÁLI MEÐ VINYLDÚK. ÚTVEGGIR ERU EINANGRAÐIR AÐ INNAN, MÚRHÚÐAÐIR OG MÁLAÐIR. STEYPTIR INNVEGGIR ERU MÁLAÐIR. LÉTTIR INNVEGGIR ERU MEÐ TIMBURUPPISTÖÐUM, KLÆDDIR GIFSPLÖTUM OG MÁLAÐIR. LOFT ERU MÁLUÐ.

LOFTRÆSING OG UPPHITUN
UPPHITUN ER MEÐ RAFMAGNSOFNUM. VÉLRÆN LOFTRÆSING ER Í ÖLLUM RÝMUM.

LAGNIR
FRÁRENNSLISLAGNIR ERU Í GRUNNI OG AÐRAR LAGNIR UTANÁLIGGJANDI

RAFLAGNIR
RAFLAGNIR ERU Í LAGNASTIGUM, UTAN Á STEYPTUM VEGGJUM OG Í LÉTTUM VEGGJUM.

BRUNAVARNIR

BRUNAVARNIR ERU SAMKVÆMT BRUNAHÖNNUN EFLU DAGS. 16. DESEMBER 2011.

AFSTAÐA BYGGINGAR
BYGGINGIN STENDUR Á ATHAFNASVÆÐI NÁLÆGT STÖÐVARHÚSI BÚÐARHÁLSVIRKJUNAR. AKFÆRT ER AÐ ÖLLUM HLIÐUM HÚSSINS.

BRUNAHÓLFUN
BYGGINGIN SKIPTIST Í TVÆR BRUNASAMSTÆÐUR ÞANNIG AÐ ROFASALUR ER EIN BRUNASAMSTÆÐA OG ÞJÓNUSTUHÚSIÐ ÖNNUR. BRUNASAMSTÆÐUSKIL ERU MEÐ REI 90 VEGG OG $EI_2$60-CS_m HURÐUM. ÞAK YFIR ÞJÓNUSTUHÚSI ER REI 60. ÞJÓNUSTUHÚS SKIPTIST Í BRUNAHÓLF ÞANNIG AÐ GEYMSLA OG RAFGEYMARÝMI 1 OG 2 ERU HVERT UM SIG SJÁLFSTÆÐ BRUNAHÓLF, EN STJÓRNRÝMI ÁSAMT ANDDYRI OG SNYRTINGUM ER EITT BRUNAHÓLF. INNAN STJÓRNRÝMIS ER RÝMI FYRIR LOFTRÆSIBÚNAÐ Á PALLI YFIR SNYRTINGUM. LOFTRÆSTIRÝMIÐ VERÐUR SJÁLFSTÆTT BRUNAHÓLF EI 60. BRUNAHÓLFUN ER MEÐ EI 60 VEGGJUM OG $EI_2$60-CS_m HURÐUM.

BURÐARVIRKI
STEYPT BURÐARVIRKI ÞJÓNUSTUHÚSS ER R 60.
BRUNASAMSTÆÐUSKILVEGGUR ER REI 90. MILLIGÓLF UNDIR LOFTRÆSIRÝMI ER REI 60 OG BURÐARVIRKI ÞESS R 60. BURÐARVIRKI ROFASALAR ER ÓEINANGRAÐ STÁLVIRKI.

KLÆÐNINGAR
KLÆÐNINGAR LOFTA OG VEGGJA INNANHÚSS VERÐA Í FLOKKI 1 (B-S1, D0 SKV. ÍST EN 13501-1). GÓLFEFNI SKULU UPPFYLLA FLOKK CFL-S1 SKV. ÍST EN 13501-1. RÖRAEINANGRUN SKAL VERA Í FLOKKI A2L-S1,D0 (ÓBRENNANLEG) SKV. ÍST EN 13501-1.

ÚTVEGGIR OG ÞÖK
VEGGIR OG ÞAK ROFAHÚSS ER ÓEINANGRAÐ MEÐ EINFALDRI ÁLKLÆÐNINGU. ÞAK Á ÞJÓNUSTUHÚSI ER „VIÐSNÚIÐ" ÞAK, Þ.E. STEYPT PLATA MEÐ ÞAKDÚK, EINANGRUN OG FARGI ÚR SANDI OG HELLULÖGN. VEGGIR ÞJÓNUSTUHÚSS ERU STEYPTIR OG EINANGRAÐIR OG MÚRAÐIR AÐ INNAN.

FLÓTTALEIÐIR
TVÆR FLÓTTALEIÐIR ERU ÚR ROFASAL, ÖNNUR UM DYR BEINT ÚT Á LANGHLIÐ OG HIN UM DYR FRAM Í STJÓRNRÝMI OG ÞAÐAN ÚT. ÚTIHURÐ Á ROFASAL OPNAST INN VEGNA SNJÓA. HURÐ MILLI RÝMA OPNAST FRAM Í STJÓRNRÝMI. MESTA LENGD FLÓTTALEIÐAR AÐ ÚTGANGI EÐA INN Í ANNAÐ HÓLF ER INNAN VIÐ 30 M OG MESTA FLÓTTALENGD Í EINA ÁTT ER INNAN VIÐ 10 M.

ÚR STJÓRNRÝMI ER FLÓTTALEIÐ ÚT UM ANDDYRI EN EINNIG ER HÆGT AÐ FLÝJA ÚT Í GEGNUM ROFASAL. MESTA LENGD AÐ ÚTGANGI ER UM 10 M EN RÚMIR 15 M INNAN ÚR RAFGEYMARÝMI.

HURÐIR Í FLÓTTALEIÐUM SÉU A.M.K. 90 CM BREIÐAR (M.V. BREIDD HURÐARBLAÐS). ALLAR HURÐIR Í FLÓTTALEIÐ SKAL VERA HÆGT AÐ OPNA Í FLÓTTAÁTT (INNAN FRÁ) ÁN LYKILS EÐA VERKFÆRA.

HURÐIR Í FLÓTTALEIÐ UM ANDDYRI OG ÚR ROFASAL SKULU HAFA NEYÐARHÚN SKV. ÍST EN 179.

ÚT- OG NEYÐARLÝSING
Í BYGGINGUNNI VERÐA ÚT-LJÓS OG NEYÐARLÝSING SKV. LEIÐBEININGUM MANNVIRKJASTOFNUNAR NR. 160.BR3, ÍST EN 1838 OG ÍST EN 50172. FLÓTTALEIÐALÝSING (ESCAPE ROUTE LIGHTING) (1 LÚX) SKAL VERA Í STJÓRNRÝMI, ANDDYRI OG VIÐ FLÓTTALEIÐIR UTANHÚSS. SVÆÐISLÝSING (OPEN AREA LIGHTING) (0,5 LÚX) SKAL VERA Í ROFASAL. NEYÐARLÝSING (15 LÚX) VERÐUR Í RAFGEYMARÝMUM.

BRUNAVIÐVÖRUNARKERFI
Í ALLRI BYGGINGUNNI VERÐUR BRUNAVIÐVÖRUNARKERFI SAMKVÆMT REGLUM MANNVIRKJASTOFNUNAR OG ÍST EN 54. KERFIÐ ER TENGT VIÐ BRUNAVIÐVÖRUNARKERFI BÚÐARHÁLSSTÖÐVAR SEM SENDIR BOÐ Á VIÐURKENNDA VAKTSTÖÐ OG STJÓRNSTÖÐ LANDSVIRKJUNAR.

HANDSLÖKKVIBÚNAÐUR
HANDSLÖKKVITÆKI (KOLSÝRA OG DUFT) VERÐA SETT UPP Í ANDDYRI OG VIÐ ÚTGANG ÚR ROFASAL.

HANDSLÖKKVITÆKI SKULU VERA SKV. ÍST EN 3. MERKJA SKAL STAÐSETNINGU SLÖKKVITÆKJA MEÐ VIÐEIGANDI SKILTUM.

REYKLOSUN
EKKI ER SÉRSTAKUR REYKLOSUNARBÚNAÐUR Í BYGGINGUNNI. GERT ER RÁÐ FYRIR AÐ SLÖKKVILIÐ REYKLOSI UM ÚTIDYR MEÐ FÆRANLEGUM BLÁSURUM.

LOFTRÆSIKERFI
LOFRÆSIKERFUM ER EKKI ÆTLAÐ SÉRSTAKT HLUTVERK Í BRUNA. BRUNAHÓLFUN LOFTRÆSIKERFIS SKAL UPPFYLLA SÖMU KRÖFUR OG BRUNAHÓLFUN Í BYGGINGUNNI ALMENNT. VIÐ BRUNABOÐ SKAL LOFTRÆSIKERFI STÖÐVAST OG BRUNA- OG REYKLOKUR LOKAST. HLEÐSLURÝMI RAFGEYMA SKULU LOFTRÆST MEÐ VÉLRÆNU ÚTSOGI SEM TRYGGIR AÐ MAGN VETNIS Í RÝMINU NÁI EKKI SPRENGIMÖRKUM (4% RÚMMÁLS).

VIÐHALD BRUNAVARNA
GERÐUR VERÐUR ÞJÓNUSTUSAMNINGUR UM EFTIRLIT OG VIÐHALD Á BRUNAVIÐVÖRUNARKERFI, NEYÐARLÝSINGU OG HANDSLÖKKVITÆKJUM.

SETT VERÐUR UPP EIGIÐ ELDVARNAEFTIRLITSKERFI FYRIR TENGIVIRKISHÚSIÐ OG SAMHÆFT EIGIN EFTIRLITSKERFI BÚÐARHÁLSSTÖÐVAR.



SKURÐPUNKTAR MÁTLÍNA:

A1:	X=481936,55	Y=414768,18
A7:	X=481964,82	Y=414745,89
E1:	X=481949,68	Y=414784,83
E7:	X=481977,94	Y=414762,54

Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.
Samþykkt
23 SEPT. 2014
Byggingarfulltrúi

REYNDARTEIKNING

AS BUILT dags. 27.09.2013

Fltr. verkkaupa:

Fltr. hönnuða:
kt. 240565-4399

Hönnunarstjóri:
kt. 231164-3919

EFLA VERKÍS

Xref .\Isakot-Búðarháls-Hrauneyjar.dwg

ÚTGÁFA	BREYTING	DAGSETNING	GERT	SAMÞYKKT

ÚTGÁFA	BREYTING	DAGSETNING	GERT	SAMÞYKKT
X	REYNDARTEIKNING	2012-04-12	GG	SG

DAGSETNING	APRÍL 2011
GERT	GG
SAMÞYKKT	SG
BLAÐSTÆRÐ	A1

VIRKI: TENGIVIRKI BÚÐARHÁLSI

BYGGINGARVIRKI
ARKITEKTÚR
A?ALTEIKNINGAR
AFSTÖ?UMYND

ARKITEKTASTOFAN

FERLI	SÆTI	STAÐUR
=	+	+
LYK-1 BUD	LYK0	
NÚMER 359C	ÚTGÁFA X	BLAÐ / N BLAÐ
20-A-105		